

Kjalnesingur

1. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

22. janúar 2013

Á forsiðu síðasta tölublaðs Kjalnesings var vikið að hverfapottunum og sagt frá því að ÍK hefði sent fyrirspurn m.a. á hverfisráðið varðandi framkvæmdina. Er hverfisráðinu þökkuað þau svör sem birtast í þessu blaði. Fyrirspurnin var hinsvegar verulega ítarlegri og tilefnið ærið því í kosningunni voru ákveðin verkefni lögð fyrir okkur íbúana sem kusu ákveðin verkefni. Á framkvæmdastigi breyttust þessi verkefni og spurning hver hafði heimild til að gera eitthvað annað úr þeim en kosið var um.

Félagsheimilið Fólkvangur hefur síðustu mánuði verið í umsjón ÍK með stuðningi þeirra félaga sem eru að nota Fólkvang. Í mars 2012 var gerður tímabundinn samningur til reynslu um fyrirkomulag á rekstri hússins. Þessi samningur hefur reynst Kjalnesingum vel og óskað hefur verið eftir að endurnýja hann í

óbreyttri mynd fram á næsta haust. Þessi beiðni er til nú til afgreiðslu í borgarkerfinu og höfum við fengið mjög jákvæðar undirtektir. Þessi tími yrði notaður sem reynslutímabil og nýtt sem undirbúningur að varanlegri samningi ef vilji aðila standur til þess.

Borgarafundurinn: Við hvetjum íbúa til að fjölmenna á borgarafundinn í Klébergsskóla n.k. fimmtudag. Ekki er verra að koma vel nestaðir á fundinn þ.e. með hugmyndir og vangaveltur um margt það sem betur mætti fara í hverfinu/sveitinni okkar og á þessu stærsta útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Nýtið vefinn "betri hverfi" undir vefslóðinni www.betireykjavik.is til að koma á framfæri ábendingum og hugmyndum. ÁH

Þegar verkefnið Grænt Kjalarnes fór af stað óskaði hverfisráð Kjalarness liðsinnis Hrannar Pétursdóttur við útfærslu og umsjón hópastarfs enda lá það nokkuð beint við þar sem hún hefur síðustu ár verið búsett á Kjalarnesi. Hrönn Péturstóttir er með MBA gráðu með áherslu á stefnumiðaða árangursstjórnun. Í dag er hún sjálfstætt starfandi ráðgjafi og hefur unnið mikið fyrir ríki og sveitarfélög og tekur þátt í verkefnum Grænt Kjalarnes sem Kjalnesingur.

Í drögum að skilgreiningu á verkefnum Grænt Kjalarnes segir:

Sérkenni Kjalarness felst í því að vera grænt víðáttumikið dreifbýlissvæði innan marka Reykjavíkurborgar. Með því að vinna að þróun svæðisins undir fyrirsögninni *Grænt Kjalarnes* er verið að móta framtíðarsýn fyrir svæðið þar sem byggt er á þessu sérkenni og um leið möguleikum þess á að auka lífsgæði fólks. Framtíðarsýnin leggur áherslu á að viðhalda og vernda Kjalarnes sem opið og dreifbýlt svæði innan borgarmarkanna en einnig að íbúar svæðisins og þéttbýlisins hafi aðgengi að grænum svæðum í tengslum við atvinnulíf, fræðslu og frístund.

Verkefnið Grænt Kjalarnes snýst um uppbyggingu svæðisins

samkvæmt þessari framtíðarsýn. Uppbyggingin tengist þá þeirri ímynd sem Kjalarnes vill hafa, sem og aðgerðir sem farið er í til að þróa landið, frístundatækifæri og atvinnutengt efnahagslíf til samræmis við framtíðarsýnina.

Laugardaginn 19. janúar sl. voru fulltrúar félaga og stofnana á Kjalarnesi boðaðir til vinnufundar og mættu á þriðja tug einstaklinga. Í starfinu eru lagðar til grundvallar fjöldamargar hugmyndir sem komið hafa fram á íbúðingum á Kjalarnesi og

við sameiningu Kjalarnes-hrepps við Reykjavík árið 1998. Helstu flokkar sem unnið er með eru byggðapróun, umhverfi, samgöngur, atvinnulíf, frístundir og úrgangsmál. Í hverjum flokki eru fjöldamargar tillögur sem farið er yfir og metið hvað raunhæft sé að gera í dag með það í huga að búa til samtakamátt sem fylgja mætti eftir. Í þeim tilgangi eru uppi

hugmyndir um að mynda verkefnastjórn sem sæi um samræmingu á milli verkefnahópa. Á næstu vikum verður aftur haldinn vinnufundur því verkefnið er stórt og margt þarf að skoða.

ÁH

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Heilsustefna Grafarvogs og Kjalarness

Vinningsnúmer í janúar 2013:

264

Vinningur í janúar er gjafakort í Bónus.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Janúar vinning þarf því að sækja fyrir lok apríl 2013

Vinningsnúmer í nóvember 2012:

6076

Vinningur í nóvember er fjölskylduspil.

Vinning ber að nálgast í Miðgarði, Gylfaflöt 5.

Framvísa þarf Heilsustefnu með viðkomandi númeri til að fá vinning afhentan.

Ef ekki er búið að sækja vinning innan 3ja mánaða frá útdrætti fer hann aftur í pottinn.

Nóvember vinning þarf því að sækja fyrir lok febrúar 2013.

Kjalnesingur

Áætlaður útgáfutími næsta fréttabréfs Kjalnesings í 11 viku sem er um miðjan mars.

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Í næsta blaði höldum við áfram að fylgjast með vinnunni við Grænt Kjalarnes og moltuverkefnið. Sagt verður frá SAMVEST verkefni UMFK, fjallað um hverfapottinn í Betri hverfi og undirbúningi Kjalarnesdaga.

Það eru mörg spennandi verkefni framundan og gaman væri ef fleiri hefðu tök á að leggja lið í þessari vinnu.



Prjónakaffi

Prjónakaffið er alltaf jafn vinsælt og verður það fyrsta og þriðja fimmtudag í mánuði kl. 20-22 í Fólkvangi.

Næstu prjónakaffi:

7. febrúar	prjónakaffi
21. febrúar	prjónakaffi

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir eru í Fólkvangi kl. 20:00 annan miðvikudag í hverjum mánuði.

Næstu fundir eru því 9. janúar og 13. febrúar.

Félagsstarf 60 ára og eldri

Munið fundina á fimmtudögum milli kl. 15-17 í Fólkvangi.

Alltaf heitt á könnunni!

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg s: 695 1352.

Póstlistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

Skák í Klébergsskóla

Þeirri nýbreytni var komið á í Klébergsskóla á þessu skólaári að kenna skák. Það er Björn Ívar Karlsson, skákkennari frá



Skákakademíunni sem kemur til okkar á föstudögum og kennir yngri nemendum þessa göfugu hugaríþrótt. Skákin er



ein af keppnisgreinunum í hinu árlega Steinamóti (Minnigarmóti um Þorstein Broddason, kennara) og fleiri mót eru fyrirhuguð í vetur og vor.

Björgvin Þór Þórhallsson
skólastjóri Klébergsskóla

Unglingurinn Palli Helga lætur af störfum

Hann Páll Helgason tónlistarkennari og kórstjóri lét af störfum við Tónlistarskólann á Klébergi, sökum aldurs, nú um nýliðin áramót. Páll hefur starfað við skólann í áratugi og unnið hug og hjörtu nemenda sinna og samstarfsfólks.



„Palli“ er einn af þessum kennurum sem ná ótrúlegum árangri með fagmennsku og lipurð í mannlegum samskiptum og erfitt verður að fylla það skarð sem hann skilur eftir sig hér. Hann er þó langt í frá sestur í helgan stein og stjórna enn hinum ýmsu kórum og hefur að auki verið sæmdur titlinum „heiðurs listamaður Mosfellsbæjar“ sem er ærinna starfi.

Við þökkum Páli samstarfið og samveruna öll þessi ár og óskum honum velfarnaðar í framtíðinni.

Starfsfólk Klébergsskóla.



Klébergsskóla Palli.

Um skólann Palli lét lögin óma.

Ljúft en ákveðið stjórnaði hann því.

Stillti vel saman raddir og róma

svo hljómuðu vel bæði gömul og ný.

Snorri H.

Þróunarfélag Kjalnesinga og atvinnuhúsnæði á Kjalarnesinu hinu góða

Atvinnulóðir:

Þróunarfélag Kjalnesinga boðaði til fundar þann 10. janúar síðastliðinn vegna atvinnulóðanna við Norðurgrund og Vallargrund. Skemmt er frá því að segja að nálægt 20 manns mættu þar til skrafs og ráðagerða. Þessi áhugi sýnir vel hve mikil þörfin er fyrir atvinnuhúsnæði hér og atvinnuuppbyggingu, þó að ekki komi til að allir þessir fundarmenn byggji sér atvinnuhúsnæði í bráð.

Ennfremur hafa þær upplýsingar komið fram að opna svæðið við Vallargrund milli Olís og Áhaldahússins er hluti lóðar Olís.

Rétt er að benda á að fram kom tillaga á fundi um endurskoðun aðalskipulags haustið 2011 um að settar verði verslunar- og skrifstofulóðir við Víkurgrund. Með því yrði til verslunarkjarni á **Kjalarnesinu hinu góða**.



Hluti af deiliskipulagi Grundarhverfis

Formaður félagsins gerði grein fyrir lóðunum þ.e.a.s. stærðir, verð og fl. Áhugi manna var breytilegur, fjárfesting, fylgjast með hvað er að gerast á **Kjalarnesinu hinu góða** og svo þeir sem vilja fara að byggja sér atvinnuhúsnæði. Ekki hentar Norðurgrundin öllum, en áhugi er einnig fyrir verslunarrými, slíkt þarf að skoðast með tilliti til nýtingar verslunarlóðarinnar við Vallargrund. Í lok fundar var kominn nokkur hópur sem hugsanlega fyllir byggingarrétt á einni lóð við Norðurgrund. Má því segja að frá og með þessum fundi hafi hafist ferli byggingarundirbúnings atvinnuhúsnæðis við Norðurgrund.

Voru menn sammála um að L-laga byggingarreitur veldur lélegri nýtingu leyfilegs byggingarmagns lóðanna við Norðurgrund.

Í framhaldi af fundinum var óskað upplýsinga hjá skipulagi borgarinnar um breytingu á byggingarreit og var tekið mjög jákvætt í þær hugmyndir sem lagðar voru fram og er beðið formlegs svars.

Önnur verkefni:

Nokkuð fyrir jól boðaði hverfaráð kjalarness til hátíðarfundar með forsvarmönnum félaga á Kjalarnesi til undirritunar viljayfirlýsingar um „GRÆNT KJALARNES“, var þetta vel við hæfi á 100 fundi hverfaráðs. Formaður undirritaði þá viljayfirlýsingu fyrir hönd Þróunarfélagsins og eru af hendi félagsins miklar væntingar til þessa verkefnis og samstarfs sem í því felst. Eru hér um að ræða verkefni sem teljast vera langhlaup, en hlaup sem hefur það að markmiði að komast í mark með verkefnin. Fulltrúar Þróunarfélagsins leggja áherslu á atvinnuuppbyggingu í þessu samstarfi. Skapa þann hvata sem til þarf til að byggja upp ný atvinnutækifæri eða flutning fyrirtækja inná svæðið. Leggja þarf uppúr stefnumótun í atvinnumálum og markaðssetningu tækifæra hér. Stóru tækifærin er umferð ferðamanna í gegnum Kjalarnesið sem staldrar ekki við hjá okkur. Hér erum við að tala um tugþúsundir ferðamanna!

Guðni Indriðason

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.



Moltugerð, grenndargámar og nýja sorphirðukerfið

Áhugi og þátttaka Kjalnesinga í þessu nýja kerfi er meiri en í öðrum hverfum þar sem þetta kerfi hefur verið innleitt segir Guðmundur Friðriksson umsjónarmaður þessa verkefnis hjá borginni. Eins og sagt var frá í síðasta Kjalnesingi var ný grenndarstöð tekin í notkun um miðjan desember. Trúlega

þarf að finna skilvirkari leið en nú er notuð til að tilkynna þegar ílátin fyllast því það er að valda verulegum sóðaskap umhverfis gámana en borgin mun leita leiða til að sníða þessa vankanta af verkefninu.

Á næstunni fer fram kynning á verkefninu um moltugerðina sem var viðbótarverkefni á Kjalarnesi í þessu átaki um nýja sorphirðukerfið. Það felst bæði í að bjóða hentug ílát til moltugerðar ásamt öflugri fræðslu um moltugerð

ÁH

ÁGÆTU KJALNESINGAR

**Takk fyrir
að flokka!**

**PAPPÍR
ER EKKI RUSL**



Alit um breytta sorphirðu
í hverfinu þínu er að finna á
pappirerekkirusl.is

Reykjavíkurborg **SORPA**

Fjöllin okkar 2013



12. jan laugard Helgafell
19. jan laugard Hafrahlöð - Reykjaborg
26. jan laugard Reykjafell - Æsustaðafell
3. feb sunnud Skálafell
10. feb sunnud Meðalfell í Kjós
17. feb sunnud Eyrafjall - Sandfell
24. feb sunnud Hvirfill - Grindarskörð
2. mars laugard Þorbjörn
9. mars laugard Vörðufell - Eldborg v/ Kleifarvatn
16. mars laugard Geitafell
23. mars laugard Smáþúfur
29. mars föstud Hengill langur
3. apr miðvikud Sauðadalshnúkur
10. apr miðvikud Bollarnir - Grindarskörð
17. apr miðvikud Reynivallaháls
25. apr fimmtud Djúðalshnúkur um Þjófagil
4. maí laugard Botnssúlur
11. maí laugard Akrafjall
18.-19. maí helgi Hvannadalshnúkur - Kristínartindar
29. maí miðvikud Sveifluháls

1.-2. jún helgi Þórsörk
5. jún miðvikud Hrómundartindur
15. jún laugard Hvalfell um Glym
21. ágúst miðvikud Geitahlöð
28. ágúst miðvikud Þríhnúkur
4. sept miðvikud Mosfell
15. sept sunnud Skessuhorn
22. sept sunnud Högnhöfði - Brúarárskörð
29. sept sunnud Brekkukambur
5. okt laugard Móskaðahnúkur - Kjós

Fylgjumst með á facebook [fjallavinir.is](https://www.facebook.com/fjallavinir.is)

V vélaleiga
☎ 897 7605

Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

Ökumennt

Ökukennsla, Akstursmat, Endurtökupróf



Pétur Þórðarson
Ökukennari
Búagrund 1, Kjalarnesi
s. 892 7480
okunam@okunam.is
www.okunam.is

TÖLUM SAMAN UM BETRI HVERFI

Í fyrra óskaði Reykjavíkurborg eftir hugmyndum frá borgar-búum að smærri verkefnum í hverfum borgarinnar. Borgarbúar tóku vel við sér og komu með nærri 400 góðar hugmyndir. Embættis-menn og hverfaráð Reykjavíkurborgar fóru síðan yfir hugmyndirnar og var kosið á milli 182 hugmynda í rafrænum íbúakosningum. Þar af kusu borgarbúar 124 hugmyndir sem komu til framkvæmda í fyrrasumar og haust. Hafa nú yfir 100 verkefni verið framkvæmd. Aðeins lítil hluti bíður vors.



Þetta tilraunaverkefni tókst afar vel og ég þori að full-yrða að mikill meirihluti þessara verkefna eru í anda þeirra hugmynda sem íbúar settu fram. Kjörsókn var um 8.1%, í sumum hverfum um og yfir tíu prósent. Samt má enn gera betur.

Óánægjuraddir heyrðust varðandi einstök verkefni og snerust þær m.a. um að borgin framkvæmdi hugmyndirnar eftir sínu höfði en ekki íbúanna. Þá kom fram sú gagnrýni að dýrari verk-efni vantaði á hugmyndaalista sem kosið var um. Í ár vil ég sjá enn fleiri borgarbúa taka þátt og við þurfum einnig að tryggja virkara samráð um framkvæmdirnar.

Mánudaginn 14. janúar sl. var opnað fyrir góðar hugmyndir í verkefnið Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík. Þar geta Reykvíkingar sett inn nýjar hugmyndir, skoðað og stutt við hugmyndir annarra. Hægt verður að setja inn hugmyndir til 15. febrúar nk. Rafrænar íbúakosningar um efstu hugmyndir verða svo haldnar dagana 14. – 19. mars. Reykjavíkurborg leggur aftur 300 milljónir í svokallaða hverfapotta á þessu ári til að koma þeim verkefnum í framkvæmd sem kosin verða. Á næstu vikum mun ég funda með íbúum í hverfum Reykja-víkur og fara yfir verkefni síðasta árs og óska eftir upp-byggilegum hugmyndum. Þar mun íbúum gefast kostur á því að bjóða fram þjónustu sína varðandi eftirfylgni verkefna. Með því viljum við tryggja að verkefnin sem koma til framkvæmda verði í anda þeirra hugmynda sem íbúar setja fram. Ég hlakka til og hvet alla Reykvíkinga til að mæta á fundina. Reykjavík er frábær borg en við getum gert hana enn betri.

Jón Gnarr
borgarstjóri í Reykjavík

Betri hverfi

Með verkefninu *Betri hverfi* hjá Reykjavíkurborg er markvisst unnið að því að auka íbúalýðræði og áhrif hins almenna borgarbúa á framkvæmdir í hverfum. Vefurinn www.betriereykjavik.is hefur verið opnaður fyrir móttöku hugmynda og rökræðum íbúa varðandi smærri hverfaverkefni og verður vefurinn opinn til 15. febrúar nk. Framkvæmdin verður með örlítið breyttu sniði í ár og er hugmyndin að bæta upplýsingaflæðið frá hugmynd til framkvæmdar með því að skipa verkefnahópa sem fylgja hugmyndunum eftir í hverfunum. Í hópnum fyrir hvert hverfi verða þrír fulltrúar þeirra íbúa sem mæta á kynningarfund með borgarstjóra, einn frá hverfisráði og einn frá þjónustumiðstöð. Á Kjalarnesi verður fundurinn með borgarstjóra og embættismönnum borgarinnar haldinn í Klébergsskóla fimmtudaginn 24. janúar kl. 20. Þar verður þetta skipulag nánar kynnt.

Framkvæmd verkefna sem hlutu kosningu árið 2012 hefur að mörgu leyti gengið vel en þó hafa agnár komið fram sem meiningin er að bæta varðandi framkvæmdina á árinu 2013. Það er í mörgum tilfellum flókið ferli sem á sér stað frá því að hugmynd kemur inn á hugmyndavefinn frá íbúa og þangað til hún er komin til framkvæmda. Það er ekki endilega víst að íbúinn hafi gert sér grein fyrir gildandi skipulagi borgarinnar sem hugmynd hans þarf að taka mið af, kostnaði við verk-efnið eða aðstæðum sem hönnuðir og embættismenn borgarinnar þurfa að taka tillit til áður en til framkvæmda kemur. Hverfisráð Kjalarness hefur rætt um þessi verkefni og aflað upplýsinga úr borgarkerfinu um framkvæmdina. Hér á eftir koma svör við spurningum sem fram koma á forsiðu 6. tbl. 12. árg. Kjalnesings, dagsett 20. desember 2012. Þar segir:

"Því hafa ÍK sent fyrirspurn til hverfisráðsins um þessar framkvæmdir þar sem verkefnin hafa í einhverjum tilvikum orðið að allt öðru eins og garðlönd breyttust í berjarunna, stigi við sjósundsstöðu í flottan tréfall og rennibraut í sundlaug í eitthvað allt annað. Varðandi rennibrautina er þó tekið fram að hún verði sett upp á næsta ári. Þar sem við bíðum frekari skýringa á þessum breytingum verðu nánar fjallað um þetta í fyrsta tbl. Kjalnesings á nýju ári." Undir þetta skrifar ÁH.

Varðandi garðlönd: Sá sem lét inn hugmyndina skrifaði að hann óskaði eftir að útbúin yrðu garðlönd á ákveðnum spildum sem borgin á undir Esjunni. Þar sem þessar spildur eru í útleigu til einstaklings og deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir garðlöndum á þessum spildum var ekki mögulegt að vinna garðlöndin á þessu ári. Rætt var að féð sem ætlað var í garðlöndin yrði nýtt til að bæta aðstæður við garðlönd sem Íbúasamtökin eru þegar með við Arnarholt en úr því varð ekki. Þess í stað var ákveðið að féð færi í aðra hugmynd sem kom frá íbúa á Kjalarnesi, þ.e. að hækka upphæðina sem færi í berjarunna í Grundarhverfi. Hverfisráðið hyggst ræða nánar um garðlönd á Kjalarnesi og hvernig best er að standa að þeim í samráði við Íbúasamtökin.

Varðandi sjósundsstöðu: Snemma í vor þegar verið var að undirbúa verkefnin var leitað til áhugafólks um sjósund á Kjalarnesi. Það brást vel við og tveir fulltrúar sjósundsfólks gengu með fulltrúa hverfisráðsins og hönnuði frá verk-fræðistofu um fjöruna og skoðuðu aðstæður. Við skoðun var ljóst að ekki yrði um stiga að ræða þar sem jarðvegur fyrir ofan fjöruna væri þess eðlis að festing væri ekki nægileg og að sú framkvæmd kæmi ekki til greina. En til að bæta aðstöðu fyrir sjósundsfólk á Kjalarnesi varð niðurstaðan ofangreindur tréfallur. Ljóst er að mikið þarf að gera til viðbótar til að bæta

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

aðstöðuna og hefur áhugafólk um sjósund á Kjalarnesi sent hverfisráðinu góðar ábendingar um það sem betur má fara og þakkar hverfisráðið sjósundshópnum fyrir mjög gott samstarf og vonast til að hægt verði að koma til móts við þeirra óskir á þessu ári. Það væri t.d. hægt að koma með frekari óskir í gegnum íbúakosninguna Betra hverfi.

Rennibraut í sundlaug: Þannig vill til að á síðasta ári voru reglur um öryggisatriði í sundlaugum hertar. Til þess að uppfylla hert öryggisskilyrði þurfti að endurnýja öryggismyndavélar í Klébergslaug. Féð sem ætlað var í endurbætur á sundlauginni og nýja rennibraut var að hluta til notað til að kaupa öryggismyndavélar. Öryggi í sundlaugum er grundvallaratriði og hlýtur alltaf að vera forgangsmál, en samt sem áður eru þetta ekki ásættanleg vinnubrögð hjá borginni því peningarnir fyrir öryggismyndavélunum áttu ekki að fara af fénu í hverfa-

pottinum. Nú hefur hverfisráðið fengið staðfest hjá Auði Ólafsdóttur verkfræðingi á skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá Reykjavíkurborg að búið sé að panta nýja rennibraut og að hún verði sett upp á þessu ári.

Að lokum hvetjum við alla Kjalnesinga til að mæta á fundinn á fimmtudagskvöldið í Klébergsskóla og taka þannig þátt í að bæta og breyta því sem betur má fara í hverfinu okkar, Kjalarnesi. Um leið fögnum við því að borgin ætlar að gera betur og bæta vinnubrögðin á þann hátt að hinn almenni íbúi geti haft enn meiri áhrif á framkvæmdir í sínu hverfi.

Sigríður Pétursdóttir
Eldey Huld Jónsdóttir
fulltrúar hverfisráðs Kjalarness

ÍBÚAFUNDIR MEÐ BORGARSTJÓRA Í ÖLLUM HVERFUM

Jón Gnarr borgarstjóri mun funda með íbúum í öllum hverfum borgarinnar í tengslum við verkefnið Betri Hverfi. Farið verður yfir verkefni síðasta árs og óskað eftir hugmyndum að nýjum verkefnum til að bæta íbúahverfin í Reykjavík auk þess sem óskað verður eftir samráði við íbúa um eftirfylgni verkefna.

Laugardalur	Mánudagur	14. janúar	kl. 17.00	Laugalækjarskóli
Árbær	Miðvikudagur	16. janúar	kl. 17.00	Árbæjarskóli
Vesturbær	Fimmtudagur	17. Janúar	kl. 17.00	Hagaskóli.
Háaleiti - Bústaðir	Mánudagur	21. janúar	kl. 17.00	Réttarholtsskóli
Breiðholt	Þriðjudagur	22. janúar	kl. 17.00	Gerðuberg
Miðborg	Miðvikudagur	23. janúar	kl. 17.00	Ráðhúsi Reykjavíkur
Grafarholt – Úlfarsárdalur	Fimmtudagur	24. janúar	kl. 17.00	Sæmundarskóli
Kjalarnes	Fimmtudagur	24. janúar	kl. 20.00	Klébergsskóli
Hlíðar	Mánudagur	28. janúar	kl. 17.00	Kjarvalsstaðir
Grafarvogur	Þriðjudagur	29. janúar	kl. 17.00	Gufunesbær

www.betrireykjavik.is



Reykjavíkurborg



GERUM REYKJAVÍK ENN BETRI!

Til sölu fyrir heimilið

Hillusamstæða, bókahillur, glerhillur, glerboð/sóffaborð, náttborð, sjónvarp og sjónvarpsskápur.


Upplýsingar í síma 867-4860 eða 867-7966

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125
renta@renta.is – www.renta.is



6 vikna átaksnámskeið fyrir 18+ Í íþróttamiðstöðinni

Námskeið stendur yfir í sex vikur og hentar öllum konum, körlum, byrjendum sem og lengra komnum.

Mikið lagt upp úr fjölbreyttri og persónulegri þjálfun. Mikið aðhald, góð fræðsla og ómetanlegur stuðningur.

Þátttakendur fá að kynnst ýmis konar þjálfunaraðferðum, þar sem reynt er á þol, þrek og styrk. Lögð er áhersla á þrek, fitubrennslu og styrktarþjálfun.

Fjölbreyttir og skemmtilegir tímar.

Innifalið í námskeiðinu er ummálsmælingar og fitumæling í byrjun og lok námskeiðsins.


Námskeiðið hefst mánudaginn 28. janúar. Æfingar verða á mánudögum og miðvikudögum kl 18:00-19:00

í íþróttahúsi Klébergsskóla.

Verð fyrir 6. vikur eru 8.000 kr og er lágmarksfjöldi 10 einstaklingar. Um að gera að skrá sig og vera með. Skráningafrestur er til **27. janúar 2013**. Þjálfari námskeiðsins verður Hanna Björk einkaþjálfari.

Skráning og aðrar upplýsingar fara fram á netfanginu if@umfk.is eða í síma 778-5500.

Kv Birgitta Maggý
Íþróttafulltrúi UMFK



KJALNESINGAR!

Á döfinni er viðburðalisti á vefnum www.kjalarnes.is. Þá eru atburðir næstu viku sendir út á netfangalista Íbúasamtakanna sem telur á 4. hundrað netföng og nær því væntanlega til flestra heimila á Kjalarnesi. Ávalt er hægt að bæta við netföngum ef einhverjir eru svo ólánsamir að vera ekki á listanum.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is og óska eftir skráningu á netfangalista færðu allar upplýsingar um það sem er framundan hér á Kjalarnesi.

Á vefinn þennan vef okkar sem er verfur Íbúasamtaka Kjalarness gerum við okkar besta til að setja inn fréttir af viðburðum sem tengjast Kjalarnesi.

Þá höldum við úti síðunni kjalarnes.is á fésbókinni (snjálðrinu) þar sem fólk getur sett inn athugasemdir við hvað eina sem kemur upp í hugann en það er mikilvægt fyrir okkur sem stöndum að þessu að fá viðbrögð frá íbúunum.

Fjághagslegur stuðningur við ÍK

Ef þú vilt fá netfang með endingunni @kjalarnes.is, þá er það beinn stuðningur við Íbúasamtökin. Gjaldið er kr. 2.000 á ári. Netfangið getur þú beðið um með því að senda okkur póst á ik@kjalarnes.is.



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum stærðum til garðvinnu, stíga- og veglagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.

Aðalfundur UMFK

Aðalfundur **UMFK** verður haldinn
fimmtudaginn 7. mars 2013, kl. 20.00
í Fólkvangi.



Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari.
3. Lögð fram skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár.
4. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar til samþykktar.
5. Tekin ákvörðun um árgjald, ævifélagagjald og styrktarfélagagjald.
6. Lagðar fram tillögur um lagabreytingar ef fyrir liggja.
7. Aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar.
8. Kosin stjórn félagsins: a) kosinn formaður b) kosinn varaformaður c) kosinn gjaldkeri d) kosinn ritari e) kosinn meðstjórnandi f) kosnir 3 varamenn
9. Kosnir tveir endurskoðendur og einn til vara.
10. Önnur mál.
11. Lesin fundargerð.
12. Fundarslit.

Stjórn UMFK

ALDREI OF SEINT AÐ BYRJA, 2013 ER ÁRIÐ



Hanna Björk einkaþjálfari í samstarfi við UMFK

Ætlar að bjóða upp á eiknaþjálfun í íþróttamiðstöðinni

Einkaþjálfun:

12 tímar (2-3 sinnum í viku)
45 – 60 mín í senn
Næringaráðgjöf
Afsláttur ef 2 eða fleiri mæta saman

Fjarþjálfun:

4 tímar (1 sinni í viku)
60 mín í senn
Næringaráðgjöf
6 vikna æfinaplan

Hanna Björk Halldórsdóttir

Einkaþjálfararéttindi frá National Personal Training Institution
Hlaupastíll og hlaupatækni frá National Personal Training Institution

Styrktarþjálfun barna og unglinga frá Keili
Nemi á öðru ári í íþróttufræði við Háskóla Reykjavíkur

Frekari upplýsingar:

S. 8665388 eða e-mail: hannabh11@ru.is



Bóndadagur og Þorinn

Þorri er nafnið á fjórða mánuði vetrar að gömlu íslensku misseratali. Hann hefst á föstudegi á bilinu 19.–26. janúar og lýkur á laugardegi áður en góa tekur við. Sá laugardagur er nefndur *þorrapræll*.

Þorri er oft persónugerður í sögum frá miðöldum og birtist þá ýmist sem harður og grimur eða umhyggjusamur tilsjónarmaður bænda sem vill hafa gætur á heyjaforða þeirra.

Betra hefur þótt að taka vel á móti þorra og veita honum vel í mat og drykk, jafnvel skemmta með sögum, söng og tafl og skyldu konur við hann stjarna. Annars var næsta víst að Þorri mundi hefna sín grimmilega. Húsbændur áttu að „fagna þorra“ eða „bjóða þorra í garð“. Það áttu þeir að

gera með því að fara fyrstir á fætur fyrsta dag í þorra. Þeir áttu að fara út á skyrtunni einni og vera bæði berlæraðir og berfættir en fara í aðra buxna-skálmína og láta hina lafa eða draga hana á eftir sér. Þeir áttu að ljúka upp bænum, hoppa á öðrum fæti í kringum allan bæinn og bjóða þorra velkominn til húsa. Þorra var síðan fagnað með því að bjóða til veislu.

Fyrsti dagur í þorra er kallaður *bóndadagur* og þekkist það nafn frá því á miðri 19. öld. Þann dag á húsmóðir að gera vel við bónda sinn í mat.

Þessi fróðleikur er að mestu tekinn af Vísindavefnum og úr sögu daganna. Kjarnesingar eru hvattir til að mæta á þorrablotið í Fólkvangi laugardaginn 16. febrúar.



Aðalfundur Sjálfstæðisfélags Kjarness

verður haldinn í Fólkvangi kl. 20:00 þann 28. janúar 2013.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundar störf
2. Kosning stjórnar
3. Kosning landsfundarfulltrúa og varamanna á landsfund 2013
4. Önnur mál

Stjórnin

Smáauglýsingar

Hillusamstæða með gleri í hurðum og hillum og lýsingu, mjög vel með farin. Kr. 40.000,-.

Tvær ljósar **bókahillur**, önnur með skáp að neðan. Sér ekki á þeim. Kr. 20.000,-.

Sporöskjulaga **glerborð/sófaborð**, með krómfótum. Mjög flott. Kr. 10.000,-.

Ferkantað **glerborð/sófaborð**. Kr. 5.000,-.

Beykilína úr Rúmfatalagernum: **Bókahilla** m/4 hillum, kommóða m/4 skúffum, náttborð m/2 skúffum. Saman kr. 10.000,-.

Tvö **náttborð**, máluð dökkbrún með einni skúffu og hillu. Furunáttborð m/2 skúffum. Kr. 1.000,- stykkið.

Sony Wega, **28" sjónvarp** og **sjónvarpsskápur**. Saman kr. 10.000,-.

Krómaðar **glerhillur**, 4 hillur. Kr. 10.000,-.

Upplýsingar í síma 867-4860 eða 867-7966.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffíu Sóleyju í síma 662 5566.



„Hið árlega“

ÞORRABLÓT

UMFK og kvenfélagsins Esju

Það heppnaðist svo vel í fyrra að nú verður það endurtekið

Verður haldið í Fólkvangi

laugardaginn 16. febrúar kl. 20:00

Glæsilegt þorrahlaðborð frá Gæða kokkum í Borgarnesi

Dansað verður fram á nótt undir ljúfum tónum

Miðaverðið er aðeins 4.500 kr.

Miða í matinn þarf að kaupa fyrir sunnudaginn 10. feb.

Miðapantanir fara fram hjá Birnu birna@kjalarnes.is eða í síma 869-5990

Hægt er að borga með millifærslu á

reikn: 315-26-30402, kt: 700895-2979

Munið að setja nöfn miðahafa sem skýringu

Þeir sem ekki leggja í þorramatinn geta komið eftir kl. 22.00 og

kostar þá litlar 2.000 kr. inn (aðeins tekið við reiðufé)

Pípulagnabjónusta

Viðhald - Viðgerðir - Breytingar

Maggi pípari,

S: 898-8870

Kjalnesingar!

Fylgist með “á döfinni” inni á www.kjalarnes.is
þar sem finna má ýmsa viðburði
okkar KJALNESINGA.

ÍBÚAFUNDUR BORGARSTJÓRA Á KJALARNESI

Betri hverfi – Klébergsskóli kl. 20:00 fimmtudaginn 24. janúar

Í fylgd með borgarstjóra verða lykilstjórnendur frá borginni.

Nýtum okkur einnig vefinn www.betrireykjavik.is

ÞORRABLÓT

UMFK og kvenfélagsins Esju

í Fólkvangi laugardaginn 16. febrúar

HELGIHALD Í BRAUTARHOLTSSÓKN

27. jan, kl 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju sr. Gunnar Kristjánsson
3. febr, barnamessa í Brautarholtskirkju kl. 11 f.h. sr. Kristín Þórunn og Rannveig Iðunn
10. febr, kl 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju sr. Gunnar Kristjánsson
17. febr, barnamessa í Brautarholtskirkju kl. 11 f.h. sr. Kristín Þórunn og Rannveig Iðunn
24. febr, kl 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju sr. Gunnar Kristjánsson
3. mars, barnamessa í Brautarholtskirkju kl. 11 f.h. sr. Kristín Þórunn og Rannveig Iðunn
10. mars, kl 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju sr. Gunnar Kristjánsson
17. mars. barnamessa í Brautarholtskirkju kl. 11 f.h. sr. Kristín Þórunn og Rannveig Iðunn



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

3. febrúar, guðspjónusta kl. 14
3. mars, guðspjónusta kl. 14

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur